

Landhelgispæsla Íslands  
b.t. Sveinn Valdimarsson  
Þjóðbraut 1  
262 Reykjanesbær

Reykjavík, 20. ágúst 2019  
UST201906-194/A.B.  
10.04.03

### **Efni: Tillaga - Deiliskipulag - Öryggissvæði á Keflavíkurflugvelli**

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa öryggissvæðis Keflavíkurflugvallar er barst 19. júní sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að deiliskipulagi fyrir öryggissvæðis Keflavíkurflugvallar.

Í greinargerð kemur fram að deiliskipulags nær til þess svæðis sem skilgreint er sem öryggissvæði á Keflavíkurflugvelli. Afmörkun svæðisins er í samræmi við auglýsingum landfræðileg mörk öryggis- og varnarsvæða nr. 720/2015. Einnig kemur fram í greinargerð að deiliskipulagstillagan tekur m.a til svæðis fyrir hættulegan farm, skammtíma gistiaðstöðu, efnisvinnslusvæði, gistisvæði, geymslusvæði, girðingar, byggingareita og fráveitu.

#### **Hættulegur farmur**

Í greinargerð kemur fram að heimilt er að nota svæðið sem flughlað (e. airport apron) og sem svæði fyrir hættulegan farm (e. hot cargo apron). auk þess kemur fram að á svæðinu skal gera viðeigandi ráðstafanir hvað varðar umhverfismál og mengunarvarnir, í samræmi við lög og reglugerðir.

Umhverfisstofnun telur óljóst hvað er átt við með hættulegum farmi í greinargerð og hvað er átt við með viðeigandi ráðstafanir hvað varðar umhverfismál og mengunarvarnir.


#### **Fráveita**

Umhverfisstofnun bendir á að öll fráveita skal vera skv. reglugerð um fráveitu og skólp nr. 798/1999.



Axel Benediktsson  
sérfræðingur

Virðingarfyllst



Björn Stefánsson  
sérfræðingur